



LEIKSKÓLINN
ANDABÆR



GRUNNSKÓLI
BORGARFJARÐAR



LANDBÚNAÐAR-
HÁSKÓLI ÍSLANDS

LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

SAMSTARFSSAMNINGUR

2019-2029

FORMÁLI

Árið 2009 var fyrst undirritaður samstarfssamningur milli Grunnskóla Borgarfjarðar Hvanneyrardeild, Landbúnaðarháskóla Íslands og leikskólans Andabæjar.

Nú eru því liðin tíu ár frá þeirri undirritun og þó nokkrar breytingar hafa orðið á menntamálum síðan. Árið 2013 kom út ný Aðalnámskrá leikskóla og ný Aðalnámskrá grunnskóla með breyttum hæfniviðmiðum og er því samstarfssamningurinn uppfærður nú.

Samstarfið hefur tekið jákvæðum breytingum síðan 2009 og var því tilvalið að undirrita uppfærðan samning árið 2019, tíu árum eftir síðustu undirritun.



Það er fengur fyrir leik- og grunnskóla að hafa háskóla á sviði náttúruvísinda, hönnunar og skipulags í næsta nágrenni.

Það gefur tækifæri á samskiptum við starfsfólk með mikla sérþekkingu og möguleika á að geta kynnt sér fjölbreytta starfsemi skólans og skólabúsins. En ávinningurinn er einnig háskólasamfélagsins. Það styrkir ímyndina, getur opnað leiðir að nýrri kennslufræðilegri nálgun og gefur stofnuninni möguleika á að vera opin og blómstra í samfélaginu.

Um árabíl hefur þróast ákveðin samvinna milli leik-, grunn- og háskólans. Þessi samvinna hófst sem stuðningur áhugasamra foreldra og velunnara við metnaðarfullt skólastarf. Vinna í gróðurhúsi, heimsóknir í fjós og Landbúnaðarsafnið, afnot af skjólbeltum, skoðun listaverka í Landbúnaðarháskóla Íslands, allt eru þetta þættir sem eru komnir með ákveðna hefð innan leik- og grunnskólans.

Sóknarfærin eru mörg til samvinnu og nýsköpunar í metnaðarfullu skólastarfi. Það er staðreynd að hár aksturskostnaður er oft helsta hindrun þess að skólar geti boðið upp á ákveðna námsskráþætti og því er nálægð þessara skóla við hvern annan mikill kostur.



SAMVINNA VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS & ÚTINÁM

Skólar eru hluti af samfélaginu og hlutverk þeirra felst í því að leiða nemendur inn í þetta samfélag, gera þá meðvitaða um þau störf sem þar eru unnin og hvernig það sem þau læra tengist störfunum.

Í vettvangsheimsóknum er hægt að rækta þessi tengsl með ýmsum hætti, til dæmis með því að heimsækja söfn, ýmiss konar fyrirtæki og stofnanir og jafnvel taka þátt í rannsóknarverkefnum, einkum þeim sem snúa að nánasta umhverfi nemenda og heimabyggð. Ekki er síður mikilvægt að læra að njóta náttúrunnar.

Á hverju hausti hittast kynningarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands, leikskólastjóri leikskólans Andabæjar og deildarstjóri Hvanneyrardeildar til þess að setja niður dagskrá vetrarins. Þannig verður samstarfið markvissara og sýnilegra fyrir nemendum, kennurum og samfélaginu.





TENGSL VIÐ NÁMSKRÁ GRUNN- & LEIKSKÓLA

Samvinna skólanna hefur í gegnum árin verið margþætt og afar frjó. Hér til hliðar má nefna nokkur verkefni sem eru nú orðin fasti í starfi skólanna og verður viðhaldið.

Með þessum samningi hefur hver skóli einnig rétt á að leita til hinna skólanna með hugmyndir að nýjum verkefnum eða viðburðum sem forsvarshópur samningsins leggur þá mat á.

SKJÓLBELTI

Fulltrúi Landbúnaðarháskólans fer í fræðslugöngur með verkefnum að hausti ásamt því að nemendur grunn- og leikskólans nýta skjólbeltin til útináms allt árið um kring.

GRUNNSKÓLINN

Tenging við hæfniviðmið í lykilhæfni og náttúragreinum.

Nemandi á að geta:

- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samsplinu við hana.
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

LEIKSKÓLINN

Tenging við skólanámskrá Andabæjar.

Markmið:

- Að efla umhverfisvitund; þekkingu, skilning og væntumþykju á náttúru, umhverfi.
- Að auka vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs.
- Að njóta náttúru í leik og kennslu
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu

GRÓÐURHÚS OG JARÐRÆKT

Heimsókn leikskólubarna í gróðurhús þar sem þau fá fræðslu um hvað fer þar fram frá fulltrúum Lbhí. Heimsókn 1.-5. bekkjar þar sem nemendur fá verklega kennslu í grunnatriðum í ræktun plantna og hvernig við getum nýtt matarúrgang.

GRUNNSKÓLINN

Tenging við hæfniviðmið í náttúru- og samfélagsgreinum.

Nemandi á að geta:

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- Fjallað um samspil manns og náttúru
- Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferla veita
- Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans

LEIKSKÓLINN

Tenging við skólanámskrá Andabæjar

Markmið:

- Að börn kynnist starfseminni sem fer fram í gróðurhúsinu
- Að börn kynnist mismunandi plöntum
- Að börnin kynnist nærumhverfi sínu og gildi þess að hreyfa sig.

FJÓSIÐ



Leikskólabörn fara í gönguferð í fjósið nokkrum sinnum yfir veturinn. Heimsókn 1.-3. bekkjar byggist á upplifun og skoðun. 4.-5. bekkur fer í verkefnamiðaða heimsókn. Allir nemendur viðstaddir þegar kúnum er hleypt út á vorin.

GRUNNSKÓLINN

Tenging við hæfniviðmið í náttúru- og samfélagsgreinum.

Nemandi á að geta:

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samsplinu við hana.
- Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi
- Gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspli náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama

LEIKSKÓLINN

Tenging við skólanámskrá Andabæjar

Markmið:

- Að börn kynnist kúnum og störfum í fjósinu
- Að hvetja börn í lengri gönguferðir
- Fá fræðslu um húsdýr og fá nánd við kýr.

SKOÐUN MYNDVERKA



Leikskólabörnin koma í heimsókn í Ásgarð og kynnist þeim myndverkum sem þar eru. Umræður um inntak, hlutverk og mismunandi gerð verka s.s. málverk, grafík, skúlptúr, höggmynd, minnisvarði. Eldri nemendur fari í ratleik um svæðið sem byggir á uppgötvun og skilningi á inntaki og mismunandi gerð og túlkun myndverka í umsjá eða eigu Lbhí.

GRUNNSKÓLINN

Tenging við hæfniviðmið fyrir sjónlistir.

Nemandi á að geta:

- Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margkonar listaverka

- Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans

- Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar

LEIKSKÓLINN

Tenging við skólanámskrá Andabæjar

Markmið:

- Að börn fái að njóta fjölbreyttrar menningar og lista.
- Að börn fái að upplifa list á annan hátt en þau eru vön
- Að börn fái skilning á mismunandi list, úti, og inni.

LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS OG GESTASTOFA FUGLAFRÍÐLANDS



Leikskólabörn heimsækja Landbúnaðarsafn Íslands og Gestastofu fuglafríðlands. Heimsókn og skoðun hjá nemendum í 1.-2. bekk. Nemendur í 3.-5. bekk koma í heimsókn og verkefni unnin á staðnum. Fulltrúi Lbhí sér um að kynna nemendum fyrir sögu og menningu Hvanneyrar.

GRUNNSKÓLINN

Tenging við hæfniviðmið í samfélagsgreinum.

Nemandi á að geta:

- Greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi
- Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð

Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins

LEIKSKÓLINN

Tenging við skólanámskrá Andabæjar

Markmið

- Að börnin kynnist þeim söfnum sem eru á staðnum
- Að börnin fræðist um gamla tímann og gamlar vélar
- Að börn fái innsýn í fuglalíf á Íslandi og kynnist algengustu tegundum.



SAMSTARF GRUNNSKÓLA BORGARFJARÐAR & LEIKSKÓLANS ANDABÆJAR



Vinahópar eru á milli Hvanneyrardeildar GBF og Andabæjar þannig að leikskólabörnin hafi tengst nemendum sem eru í skólanum þegar þau hefja sína skólagöngu. Skólahópur Andabæjar og þriðji bekkur Hvanneyrardeildar eru saman í vinahóp, 4 ára nemendur í Andabæ og annar bekkur Hvanneyrardeildar. 3 ára nemendur í Andabæ og fyrsti bekkur í Hvanneyrardeild, 2 ára og yngri nemendur í Andabæ hafa fjórða og fimmta bekk sem vinahóp.

Heimsóknir

Að skólahópur leikskólans heimsæki fyrsta bekk grunnskólans einu sinni í mánuði frá septemberbyrjun og fái að taka þátt í því skólastarfi sem bekkurinn er að vinna að hverju sinni, þannig hafa þau kynnst fjölbreyttum kennslustundum þegar skólagangna þeirra hefst.

Grunnskólabörn fari í heimsókn á leikskólann á Degi íslenskrar tungu og og taki þátt í skemmtidagskrá með leikskólabörnunum.

Bekkir grunnskólans fari í heimsókn á leikskólann og fái að taka þátt í starfi leikskólans á meðan heimsókn stendur yfir.

1. – 2. bekkur grunnskólans fari í heimsókn í leikskólann í marsbyrjun og spili eða púsli með leikskólabörnunum í u.þ.b. eina klukkustund. Nemendum grunnskólans verður skipt niður á deildir leikskólans til þess að allar deildir fái að njóta stundarinnar og að grunnskólanemendur átti sig á mismunandi þroska eftir aldri barna.

3. bekkur grunnskólans komi í leikskólann um miðjan janúar og lesi sögur fyrir leikskólabörnin í u.þ.b. eina kennslustund. Passa þarf að velja stuttar og léttar sögur fyrir yngsta hópinn. Nemendum grunnskólans verður skipt niður á deildir leikskólans til þess að allar deildir fái að njóta stundarinnar og að grunnskólanemendur átti sig á mismunandi þroska eftir aldri barna.

4. bekkur grunnskólans fari um miðjan desember í heimsókn á leikskólann og lesi fyrir leikskólabörnin jólasögur í u.þ.b. eina kennslustund. Passa þarf að velja stuttar og léttar sögur fyrir yngsta hópinn. Nemendum grunnskólans verður skipt niður á deildir leikskólans til þess að allar deildir fái að njóta stundarinnar.

Sameiginlegt

Grunnskólanemendur og skólahópur Andabæjar fara saman og sækja jólatré í desember.

Að leikskólanum sé boðið á stærri viðburði grunnskólans t.d. á lokaæfingu fyrir helgileik og árs hátíð

Að leikskólinn taki þátt í álfagleðinni sem er í byrjun janúar með grunnskólanum.

Að skólarnir bjóði hvor öðrum þegar tekið er á móti nýjum Grænfána.

Halda sameiginlega upp á Dag umhverfisins sem er í apríl með því að vinahópar fara saman og tína rusl í nærumhverfinu.

MARKMIÐ SAMSTARFSSAMNINGS

Að samstarf við Lbhí gefi nemendum grunn- og leikskóla kost á skapandi námsumhverfi utan skólastofunnar og uppfylli þannig ákveðin markmið námsskrár sem annars yrði erfitt að framfylgja vegna staðsetningar og stærðar skólans

Að nemendur átti sig á þýðingu Landbúnaðarháskóla Íslands í sögu og þróun Hvanneyrar

Að nemendur þekki helstu byggingar Lbhí.
Einnig að þau viti hvað fer fram innan dyra

Að styrkja Hvanneyri sem háskólaborp sem nýtir þann styrk sem felst í smæð samfélagsins, nálægð við náttúruna og tengsl við sérfræðipekkingu

Að við uppbyggingu skjólbelta verði eins og kostur er reynt að samræma þarfir skólastiganna þannig að svæðið nýtist sem best við leik og störf

Að starfsfólk leggi sig fram um að miðla upplýsingum sem gætu haft gildi fyrir önnur skólastig

Að nemendur fái tækifæri til að skoða og ræða listaverk og listmuni í eigu Lbhí

Að nemendur skoði rannsóknahús og gróðurhús undir leiðsögn

Að nemendur upplifi tengsl við húsdýr með heimsókn í fjós Lbhí

Að nemendur eigi kost á að nýta Landbúnaðarsafn Íslands og Gestastofu friðlands fugla til skoðunar og eigin uppgötvana.

Að nemendur grunn- og leikskóla komi með fræðslu í Lbhí.

Hvanneyri 28. maí 2019

Grunnskóli Borgarfjarðar

Landbúnaðarháskóli Íslands

Leikskólinn Andabær

Samningur þessi er hér með undirritaður og samþykktur til næstu 10 ára, eða fram til 2029.
Hver aðili að samningnum getur óskað eftir endurskoðun hans
eða uppfærslu í samráði við hina aðilana.